

**Ed.**

**132. Frumvarp til laga**

[109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Björn Jónsson.

**1. gr.**

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í kauptúnum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögín taki til annarra staða, ef verkalýðsfélag þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

**2. gr.**

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frv. þetta felur í sér þrennar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, og miða þær allar að því að bæta úr tilfinnanlegu misrétti, sem nú leiðir af gildandi ákvæðum 4. gr. laganna, en sú grein þeirra hefur að geyma mikilvæg fyrir-mæli um grundvöll bótaréttar.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða að setja inn það ákvæði að allir meðlimir sama verkalýðsfélags njóti óskoraðs réttar án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á félagssvæði þess. Gildandi ákvæði tryggja þetta ekki, svo sjálfsagt sem það virðist, og skýrist það glögg af því dæmi, að t. d. sumir verkamenn í Dagsbrún, sem búsettir eru í grennd við höfuðborgina, njóta einskis réttar til atvinnuleysisbóta, þótt þeir stundi atvinnu sína á sama vinnustað og félagar þeirra, sem búsettir eru í Reykjavík og njóta fulls réttar. Allmörg önnur dæmi mætti hliðstæð telja, svo sem réttleysi íbúa sumra sjávarþorpanna við Eyjafjörð, sem nú eru flestir í einu og sama félagi, Verkalýðsfélaginu Einingu, og verkamanna í næsta nágreppi ýmissa annarra sjávarþorpa.

Í öðru lagi felur 1. gr. frv. í sér þá efnisbreytingu, að ráðherra getur ákveðið, að lögín taki til svæða, sem hafa innan við 300 íbúa, ef sveitarfélagið, sem í hlut á, mælir með því og verkalýðsfélagið æskir þess. Eins og ákvæðin eru nú, hafa atvinnurekendur neitunarvald um þessi efni og hafa notað sér það, viðkomandi byggðarlögum og verkafólki til stórtjóns.

Loks er svo sú breyting, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir og ætlað er að tryggja þeim fjölmörgu smáútvegsmönnum, sem að öðrum þræði eru verkamenn, bótarétt, sem þeir eru nú sviptir, ef þeir stunda ekki verkamannavinnu að meiri hluta. Til þess að þetta megi verða, er nauðsynlegt að setja einnig í lögín ákvæði um gjaldskyldu þessara manna, þegar þeir sækja sjó á eigin fari, og gerir frumvarpsgreinin ráð fyrir því.

Þegar lögín um atvinnuleysistryggingar voru sett 1956, var því heitið og raunar lögfest, að heildarendurskoðun laganna yrði látin fram fara innan tveggja ára frá setningu laganna. Sú heildarendurskoðun hefur enn 13 árum síðar ekki séð dagsins ljós, þrátt fyrir fjölmarga vankanta, sem sannast hafa við framkvæmd laganna. Þessir vankantar margir eru auðsærri og tilfinnanlegri fyrir mikinn fjöld fólks í verkalýðsfélögunum nú, þegar mjög hefur á framkvæmd laganna reynt vegna hins mikla atvinnuleysis síðustu 2 árin.

Flm. telur að vísu margar fleiri breytingar á lögnum nauðsynlegar, en vill nú freista þess með flutningi þessa frv. að fá fram framangreindar breytingar, sem hann telur meðal hinna brýnni og varða hagsmuni fjölda fólks í verkalýðsfélögunum. Allar eru þær þess eðlis, að samþykkt þeirra mundi skapa meira jafnrétti til atvinnuleysisbóta og binda endi á hrópandi misrétti, án þess að nokkurt tjón hlytist af.

Flm. vill því fulltreysta því, að hv. Alþingi samþykki án óþarfa tafa þær breytingar, sem frv. hefur að geyma.